

Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka

Viðauki: Aðstoð hjálparsamtaka á
Norðurlöndunum





Unnið fyrir	Félagsmálaráðuneytið og Velferðarvaktina
Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundar	Ásdís A. Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og Steinunn Hrafnadóttir



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Gagnaöflun	5
Hjálparsamtök í Danmörku	6
Hjálparsamtök í Finnlandi.....	8
Hjálparsamtök á Íslandi	10
Hjálparsamtök í Noregi	11
Hjálparsamtök í Svíþjóð.....	13
Samantekt	15
Heimildir	16

INNGANGUR

Norðurlöndin eiga margt sameiginlegt á sviði lífskjara og velferðar. Atvinnuþátttaka er almennt mikil, eða að meðaltali 80%, og hlutfall kvenna á vinnumarkaði er hátt, eða að meðaltali 78%, þar af mest á Íslandi eða um 83% árið 2019 (Eurostat, e.d.). Atvinnuleysi hefur að sama skapi mælst lítið á Norðurlöndunum eða að jafnaði um 5% árið 2019 (Eurostat, e.d.). Í alþjóðlegri umræðu um velferðarkerfi og félagsleg úrræði er gjarnan litið á Norðurlöndin sem fyrirmynd. Norræna velferðarlíkanið miðar að jöfnum aðgangi allra að heildstæðri velferðarþjónustu svo sem almannatryggingum, félagslegri þjónustu, húsnæði o.fl.. Þó er nokkur munur á velferðarkerfum Norðurlandanna. Til dæmis ver íslenska ríkið lægri hluta þjóðartekna til útgjalda í velferðarkerfinu en önnur ríki á Norðurlöndunum og opinber fjölskyldustefna var samþykkt heldur seinna á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2012; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2012; Stefán Ólafsson, 2012; Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir, 2017).

Í alþjóðlegum samanburði standa Norðurlöndin vel í að búa þegnum sínum viðunandi lífskjör og þó að margt sé ólíkt með velferðarkerfum Norðurlandanna er norræna velferðarlíkanið almennt talið áhrifaríkt til þess að afstýra fátækt. Til að mynda voru um 17% íbúa í ríkjum Evrópusambandsins undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun árið 2018. Nokkur munur er þó á mælingum milli Norðurlandanna og frá 1998 hefur fátækt mælst minnst á Íslandi. Árið 2018 voru um 9% íbúa á Íslandi undir lágtekjumörkum en til samanburðar var hlutfallið á bilinu 12 til 13% í Danmörku, Finnlandi og Noregi en 16% í Svíþjóð (Eurostat, e.d.).

Þrátt fyrir að lágtekjuhlutfallið sé almennt lægra á Norðurlöndunum en í flestum Evrópuríkjum er ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að hópur fólks er með lágar tekjur til framfærslu. Hjálparsamtök starfa samhliða opinberri velferðarþjónustu en skipulögð starfsemi hjálparsamtaka á rætur aftur í aldir og er viðurkenndur hluti nútíma velferðarsamfélaga. Hugmyndafræðin sem liggur að baki starfsemi slíkra samtaka getur þó verið ólík og þannig getur verið misjafnt hve mikil áhersla er lögð á hjálp til sjálfshjálpar. Í þessari samantekt, sem er viðauki við skýrslu um fyrirkomulag úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka á Íslandi (Ásdís A. Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og

Steinunn Hrafnadóttir, 2020), verður leitast við að lýsa fyrirkomulagi aðstoðar helstu hjálparsamtaka á Norðurlöndunum.

GAGNAÖFLUN

Í upphafi var leitað til ráðuneyta á Norðurlöndunum til þess að kanna hvort ráðuneytin byggju yfir upplýsingum um helstu hjálparsamtök starfandi í hverju landi og þá sérstaklega þau sem fá fjárstuðning frá hinu opinbera, þ.e. ríki eða sveitarfélögum. Í ljós kom að 15 samtök í Danmörku fengu opinberan fjárstuðning. Vinnu- og félagsmálaráðuneyti Noregs sendi lista yfir 14 hjálparsamtök sem njóta stuðnings frá hinu opinbera þar í landi og velferðar- og félagsmálaráðuneyti Svíþjóðar sendi lista yfir 10 samtök, án þess að tiltaka hvort eða hvaða samtök nytu opinbers fjárstuðnings. Samkvæmt upplýsingum félags- og velferðarráðuneytisins í Finnlandi er ekki til listi yfir hjálparsamtök sem njóta opinbers fjárstuðnings en ráðuneytið sendi þess í stað lista yfir öll starfrækt hjálparsamtök í Finnlandi sem voru yfir 40 talsins.

Öflun upplýsinga af heimasíðum þeirra hjálparsamtaka sem voru á lista ráðuneytanna leiddi í ljós að einungis hluti hjálparsamtakanna veitti aðstoð til fólks í viðkvæmri félags- og fjárhagslegri stöðu. Stuttur spurningalisti var í kjölfarið sendur á netföng þeirra samtaka sem talið var að veittu aðstoð til slíkra hópa. Spurt var hvers konar aðstoð samtökin veittu fólki í neyð, hvernig aðstoðin færi fram og hvort samtökin veittu félagslega ráðgjöf. Nokkrum vikum eftir að spurningalistinn var sendur út, var hringt í hjálparsamtökin sem ekki höfðu svarað og minnt á spurningalistann. Spurningalistinn var sendur á 43 hjálparsamtök og bárust einungis fimm svör. Svörin sem bárust voru nýtt til að lýsa starfsemi þeirra hjálparsamtaka sem í hlut áttu en upplýsinga var jafnframt aflað af heimasíðum helstu hjálparsamtaka í hverju landi.



HJÁLPARSAMTÖK Í DANMÖRKU

Flest hjálparsamtakanna sem veita neyðaraðstoð í Danmörku eiga sér langa sögu. Annars vegar er um að ræða samtök sem upphaflega beindu aðstoð sinni að mæðrum en hafa þróast í það að vera samtök fyrir barnafjölskyldur. Hins vegar er um að ræða kristileg samtök sem byggja á hugmyndafræði umhyggju og samveru og beina aðstoð til viðkvæmra hópa óháð fjölskyldugerð. Tafla 1 birtir samantekt á upplýsingum af heimasíðum samtakanna um starfsemina. Taflan byggir einnig á svörum forsvarsmanna þriggja samtaka við spurningalistanum sem sendur var á hjálparsamtök. Öll samtökin sem listuð eru í töflu 1 voru á lista félagsmálaráðuneytis Danmerkur yfir samtök sem njóta opinbers fjárstuðnings.

Eins og fram kemur í töflunni eiga samtökin það sameiginlegt að bjóða upp á ráðgjöf og er neyðaraðstoð gjarnan í formi beins fjárstuðnings eða inneignarkorta í verlanir, sér í lagi í kringum jól og í tengslum við viðburði á borð við fermingar og afmæli. Sum samtakanna bjóða upp á máltíðir og er þá nýttur matur sem annars hefði verið hent. *FødevareBanken* eru samtök í Kaupmannahöfn sem hafa það að markmiði að draga úr matarsóun með því að koma matvöru til hjálparsamtaka þannig að hún nýtist fólki sem býr við fátækt. Samtökin sjá um að taka við umfram mat frá framleiðendum og matvöruverslunum og koma honum til hjálparsamtaka sem síðan útbúa máltíðir fyrir skjólstæðinga sína (*FødevareBanken*, e.d.).

Tafla 1. Starfsemi helstu hjálparsamtaka í Danmörku

Hjálparsamtök	Lýsing á starfsemi
Børnenes kontor	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við bágan fjárhag með úthlutun á matarkörfum í kringum jól og inneignarkortum í fataverslanir.
Dansk folkehjælp	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð við viðkvæma hópa með fjármálaráðgjöf, hópa-starfi og sumarbúðum fyrir börn. Aðstoð er veitt í upphafi skólagöngu með því að gefa börnum í viðkvæmri stöðu skólatösku og ritföng. Inneignarkort í verslanir er veitt í kringum jól og vegna ferminga. Samtökin bjóða einnig matarkörfur í kringum jól.
Foreningen til støtte for mødre og børn	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð við barnshafandi konur og foreldra í viðkvæmri stöðu með félagslegri ráðgjöf og fjárhagslegum stuðningi. Fjárhagsaðstoð er veitt til þeirra sem eru í neyð, t.d. vegna veikinda, en einnig er veitt fjárhagsaðstoð í kringum jól, vegna ferminga og sumarfrís. Fjárhagslegur stuðningur er einkum veittur til kaupa á vörum fyrir börn, til kaupa á húsgögnum í tilfellum þar sem fólk er að koma sér upp heimili, vegna frístunda barna og til kaupa á námsgögnum.
Forælder Fonden	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð við einstæða foreldra með félagslegri ráðgjöf og húsnæðisaðstoð. Áhersla er á valdeflingu og heildræna nálgun með samvinnu við fagfólk á ólíkum sviðum.
Frelsens hær	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem aðstoða viðkvæma hópa óháð fjölskyldugerð og atvinnustöðu. Boðið er upp á fjármálaráðgjöf og lögfræðiaðstoð, samveru og námskeið. Samtökin reka gistiskýli fyrir heimilislausu og bjóða upp á máltíðir. Fjárhagsaðstoð er veitt í kringum jól.
Kirkens korshær	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem aðstoða viðkvæma hópa. Aðstoð við heimilislausu felst í því að bjóða aðstöðu þar sem hægt er að leita skjóls (varmestuer) þar sem hægt er að fá heitan mat og þurr föt. Aðstoð við barnafjölskyldur í viðkvæmri stöðu felst í úthlutun á mat og fötum og með því að bjóða upp á sumarbúðir. Samtökin veita félagslega ráðgjöf.
Mødrehjælpen	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð við barnshafandi konur og barnafjölskyldur með fræðslu, sálfræðipjónustu, félagslegri ráðgjöf og samveru. Fjárhagsaðstoð er veitt vegna barnaafmæla í kringum jól og vegna sumarfrís. Einnig veita samtökin barnaföt og aðgöngumiða að skemmtunum, t.d. bíómiða.
Samvirkende menighedsplejer	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem aðstoða ýmsa hópa í viðkvæmri stöðu með því að bjóða upp á samveru, heimsóknir til aldraðra, fjárhagsaðstoð til barnafjölskyldna í kringum jól og með því að aðstoða barnafjölskyldur við að fara í sumarfrí.

Á heimasíðum hjálparsamtaka í Danmörku sem bjóða upp á fjárhagslegan stuðning eða inneignarkort er yfirleitt að finna umsóknareyðublað sem fólk þarf að fylla út ef það óskar eftir aðstoð. Í svari forsvarsmanns *Foreningen til støtte for mødre og børn* kom fram að til þess að eiga rétt á fjárhagslegri aðstoð þarf fólk að gefa upp kennitölu sína, sýna skattframtal, launaseðil eða staðfestingu á upphæð bóta, staðfestingu á því að það sé einstætt foreldri og veita upplýsingar um mánaðarleg útgjöld. Sömuleiðis kom fram í svörum forsvarsmanna *Dansk folkehjælp* og *Mødrehjælpen* að fólk þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði fyrir aðstoð. Sótt er um aðstoð í gegnum heimasíðu samtakanna og eru skilyrði fyrir aðstoð að fólk sé með lága upphæð til framfærslu og tilheyri viðkvæmum hópi.

Á heimasíðum samtakanna er ekki að finna upplýsingar um hvort raðir myndist þegar aðstoð er veitt. Þó kom fram í svörum forsvarsmanns *Dansk Folkehjælp* að þar bíði fólk í röð þegar aðstoð er veitt í kringum jól en frá *Foreningen til støtte for mødre og børn* og *Mødrehjælpen* fengust upplýsingar um að aðstoð væri veitt án þess að fólk þyrfti að bíða í röð.

HJÁLPARSAMTÖK Í FINNLANDI

Á tíunda áratug 20. aldar stóð Finnland frammi fyrir djúpri efnahagskreppu og þá skapaðist hefð fyrir því að úthluta mat til fátæks fólks. Enn þann dag í dag reiðir stór hópur fólks sig á matarúthlutanir hjálparsamtaka (Silvasti, 2015). Matarúthlutun til bágstaddra í Finnlandi er veitt með stuðningi Evrópusambandsins í gegnum sjóð sem ber heitið FEAD (Fund for European aid to them most deprived). Matvælastofnun Finnlands hefur yfirumsjón með aðstoðinni og er hún veitt í gegnum hjálparsamtök á hverju svæði (Hansen o.fl., 2014). Hjálparsamtök sem aðstoða fólk án atvinnu eru aðilar að *Työttömien Keskusjärjestö ry* sem eru samtök atvinnulausra. Eitt af verkefnum samtakanna er að úthluta mat með aðstoð FEAD. Sömuleiðis fer úthlutun á mat fram í gegnum samtök lútersku kirkjunnar (*Kirkkopalvelut ry*) með aðstoð FEAD. Tafla 2 veitir upplýsingar um starfsemi helstu hjálparsamtaka Finnlands. Taflan sýnir að aðstoð hjálparsamtakanna er gjarnan í formi máltíðar á kaffistofum samtaka eða úthlutunar á mat sem notendur aðstoðarinnar geta neytt heima hjá sér.

Tafla 2. Starfsemi helstu hjálparsamtaka í Finnlandi

Hjálparsamtök	Lýsing á starfsemi
Mannerheimin lastensuojeluliitto	<ul style="list-style-type: none">Aðstoð við barnafjölskyldur með því að bjóða upp á samkomustaði fyrir foreldra með ung börn í Helsinki. Samtökin reka fjölskyldukaffihús og bjóða upp á hópastarf. Samtökin eru í samstarfi við finnska rauða krossinn um jólaaðstoð við barnafjölskyldur sem eru í viðkvæmri stöðu vegna atvinnuleysis, veikinda, skuldastöðu eða lágra tekna. Jólaaðstoðin felst í gjafakorti sem nýtist við kaup á máltíð.
Kirkkopalvelut ry	<ul style="list-style-type: none">Samtök lúterska kirkna sem afla fjár til að veita neyðar- aðstoð víðsvegar um Finnland í gegnum söfnuði á hverju svæði. Í gegnum samtökin er mat úthlutað til bágstaddra víða í Finnlandi og reka samtökin jafnframt sjóð sem styrkir fólk til náms.
Pelastusarmeija (Hjálpræðisherinn)	<ul style="list-style-type: none">Kristileg samtök sem aðstoða fólk í viðkvæmri stöðu víðsvegar um Finnland með því að bjóða upp á máltíðir, gistingu, fatnað og fjárhagsaðstoð ásamt því að veita félagslega rágjöf. Félagráðgjafar sjá um að veita barnafjölskyldum fjárhagsaðstoð. Samtökin eru með starfsstöðvar víða í Finnlandi.
Työttömien Keskusjärjestö ry	<ul style="list-style-type: none">Samtök atvinnulausra. Aðildafélög víðsvegar um Finnland aðstoða atvinnulaust fólk með því að úthluta mat frá verslunum og bakaríum. Samtökin reka einnig kaffihús þar sem fólk án atvinnu getur keypt heilsusamlegan mat á lágu verði og tekið þátt í hópastarfi.

Spurningalistanum var svarað af forsvarsmanni Hjálpræðishersins í Helsinki en engar upplýsingar fengust um hvaða kröfur væru gerðar til þeirra sem sækja aðstoð til annarra hjálparsamtaka í Finnlandi. Samkvæmt svörum forsvarsmanns Hjálpræðishersins er gerð krafa um að umsækjendur hafi lága upphæð til framfærslu og að þeir hafi sótt um fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera.

Ýmsar heimildir eru um að í Finnlandi myndist gjarnan langar biðraðir við úthlutun á mat. Í frétt skoskra samtaka um fátækt kom fram að „brauðbiðraðirnar“ í Helsinki væru orðnar viðtekinn hluti daglegs lífs í borginni og að þær geri fátækt í finnsku samfélagi sýnilega (MacLeod, 2016, 18. október). Í nýlegri frétt um matarúthlutun í Helsinki er fjallað um stefnu borgarinnar í þessum málaflokki. Fram kom að borgaryfirvöld hafi áhuga á að breyta fyrirkomulagi matarúthlutana t.d. með því að hvetja til þess að samtök taki upp númerakerfi sem kæmi í veg fyrir að fólk þyrfti að bíða í biðröð

utandyra (Centralised waste food depot to streamline food aid in Helsinki, 2020, 15. janúar).

HJÁLPARSAMTÖK Á ÍSLANDI

Hjálparsamtök á Íslandi eiga sér langa sögu. Hjálpræðisherinn er elstur hjálparsamtakanna en hann hóf starfsemi á Íslandi um aldarmótin 1900 og hóf árið 1928 skipulagðar matargjafir til fátæks fólks. Tafla 3 sýnir hvers konar aðstoð er veitt af fjórum stærstu hjálparsamtökunum á Íslandi. Stærsti þáttur Fjölskylduhjálpar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur felst í matarúthlutunum, og þá myndast gjarnan biðraðir, en viðamesti þáttur Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins felst í úthlutun á inneignarkortum. Hjálparstarf kirkjunnar eru einu hjálparsamtökin á Íslandi sem veita félagslega ráðgjöf. Þá er boðið upp á ýmiss konar hópastarf hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Hjálpræðishernum en Fjölskylduhjálpar og Mæðrastyrksnefnd eru ekki með þess háttar starfsemi.

Tafla 3. Starfsemi helstu hjálparsamtaka á Íslandi

Hjálparsamtök	Lýsing á starfsemi
Fjölskylduhjálpar	<ul style="list-style-type: none">Samtök sem veita aðstoð til fólks í fjárhagslegri neyð með matarúthlutunum og úthlutun á fatnaði. Í sumum tilfellum eru veitt inneignarkort í matvöruverslanir.
Hjálparstarf kirkjunnar	<ul style="list-style-type: none">Samtök á vegum þjóðkirkjunnar sem aðstoða fólk í félags- og fjárhagslegri neyð, einkum barnafjölskyldur. Aðstoðin er í formi inneignarkorta í matvöruverslanir, aðstoðar við lyfjakaup, úthlutunar á fatnaði og styrks til tómstunda barna. Samtökin veita félagslega ráðgjöf og reka sumarþúðir í samstarfi við Hjálpræðisherinn.
Hjálpræðisherinn	<ul style="list-style-type: none">Kristileg samtök sem aðstoða viðkvæma hópa óháð fjölskyldugerð og atvinnustöðu. Boðið er upp á samveru og námskeið, heitar máltíðir og inneignarkort í matvöruverslanir, aðstoð í formi fatnaðar og húsganga og reknar eru fjölskyldusumarþúðir í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar.
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	<ul style="list-style-type: none">Samtök sem veita aðstoð til fólks í fjárhagslegri neyð með matarúthlutunum og úthlutun á fatnaði, afmælis- og jólagjöfum. Í sumum tilfellum eru veitt inneignarkort í matvöruverslanir. Samtökin veita einnig fermingarstyrki.

Þótt samtökin eigi það öll sameiginlegt að veita aðstoð til viðkvæmra hópa er nokkuð misjafnt hverjir leita til samtakanna. Samkvæmt könnun sem lögð var fyrir fólk sem nýtti aðstoð stærstu hjálparsamtakanna í október og nóvember 2020 er stærsti hópur þeirra sem leita til Fjölskylduhjálpar og Hjálparstarfs kirkjunnar með börn á framfæri, Hjálpræðisherinn sinnir fyrst og fremst einstaklingum án barna og eldra fólk leitar gjarnan til Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur. Hjá öllum hjálparsamtökunum þarf fólk sem óskar eftir aðstoð að veita aðgang að upplýsingum um tekjur og í sumum tilvikum útgjöld.

HJÁLPARSAMTÖK Í NOREGI

Hjálparsamtök veita neyðaraðstoð víðsvegar um Noreg. Mörg þeirra bjóða upp á máltíðir á staðnum, matarúthlutanir og sum sjá um að aka pokum með mat heim til fólks. Við úthlutun á matvöru nýta samtökin þjónustu *Matsentralen* sem sér um að dreifa matvöru til hjálparsamtaka á tæplega 400 stöðum í Noregi. Hugmyndin á bak við *Matsentralen* er annars vegar að minnka matarsóun og hins vegar að veita aðstoð til fólks sem stendur höllum fæti. *Matsentralen* annast samskipti við verslanir og safnar þaðan matvöru sem ekki hefur tekist að selja. Matvörunni er síðan dreift til hjálparsamtaka sem ýmist útbúa máltíðir úr vörunni eða annast úthlutun (*Matsentralen*, e.d.).

Auk þess að bjóða upp á máltíðir og úthluta matvöru eru mörg hjálparsamtakanna í Noregi með hópastarf og ráðgjöf og sum bjóða upp á gistingu eða veita húsnæðis-aðstoð. Í töflu 4 eru listuð upp fimm hjálparsamtök sem eiga það sameiginlegt að vera með viðamikla starfsemi og fjögur þeirra voru á lista félagsmálaráðuneytisins yfir samtök sem fá styrki frá hinu opinbera. Öll nýta þau þjónustu *Matsentralen* til að úthluta mat eða bjóða upp á máltíðir.

Tafla 4. Starfsemi helstu hjálparsamtaka í Noregi

Hjálparsamtök	Lýsing á starfsemi
Blá kors	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoðar fólk sem stendur höllum fæti í Ósló, aðallega fólk sem glímir við vanda vegna fíknar. Samtökin bjóða daglega upp á morgunmat og heita máltíð og matarúthlutanir til fátæks fólks.
Fattighuset	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð til fátæks fólks í Ósló með úthlutun á mat og fatnaði. Bjóða einnig lögfræðiráðgjöf og fjármálaráðgjöf.
Frelsesarmeen	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem eru með starfsstöðvar víða í Noregi. Aðstoða jaðarsetta hópa, aldraða og barnafjölskyldur með matarúthlutunum, fatnaði, gistingu, jólagjöfum og húsnæði ásamt því að bjóða upp á hópastarf og ráðgjöf.
Kirkens Bymission	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem eru með starfsstöðvar víða í Noregi. Bjóða upp á máltíðir, eru með matarúthlutanir, bjóða búsetuúrræði fyrir heimilislauða og veita ráðgjöf.
Robin Hood	<ul style="list-style-type: none"> Samtök sem veita aðstoð til fólks í viðkvæmri stöðu í Ósló. Samtökin bjóða upp lögfræðiaðstoð og félagslega ráðgjöf. Í húsi samtakanna fer einnig fram hópastarf og ýmis námskeið, t.d. tungumálanámskeið og leikfimi. Hjá samtökunum fer jafnframt fram úthlutun á mat.

Á heimasíðum hjálparsamtaka í Noregi er takmarkaðar upplýsingar að hafa um hvort fólk þurfi að bíða í biðröð þegar fram fer úthlutun á mat. Þó eru ýmsar vísbendingar um að svo sé. Í svari forsvarsmanns *Robin Hood* við spurningalista um starfsemi samtakanna kom fram að *Robin Hood* annaðist matarúthlutun og að fyrirkomulagið væri með þeim hætti að biðraðir myndist. Sömu sögu er að segja um *Fattighuset*. Þó að ekki hafi borist svör frá forsvarsmönnum *Fattighuset* benti fréttaumfjöllun til þess að þar myndist raðir þegar fram fer úthlutun á mat. Í nýlegri umfjöllun *Dagblaðsins (Dagbladet)* kemur fram að þrisvar í viku myndist langar biðraðir við *Fattighuset* og að staðan hafi versnað til muna með tilkomu COVID-19 faraldursins. Vegna ástandsins hafi samtökin horfið frá því að útteila fatnaði og veita ráðgjöf og einblíni nú fyrst og fremst á úthlutun á mat (Bakos, 2021, 30. mars).

Á heimasíðum hjálparsamtaka í Noregi eru takmarkaðar upplýsingar um hvort fólk þurfi að uppfylla einhver skilyrði fyrir aðstoð. Á heimasíðunum er hvergi að finna eyðublöð fyrir umsóknir um aðstoð ólíkt því sem er að finna á heimasíðum hjálpar-samtaka í Danmörku. Þá kom fram í svari forsvarsmanns *Robin Hood* að samtökin óskuðu ekki eftir upplýsingum um tekjur og útgjöld þeirra sem þangað leita. Einu skilyrðin fyrir aðstoð væru að fólk væri ekki undir áhrifum vímuegja í húsi samtakanna.

HJÁLPARSAMTÖK Í SVÍPJÓÐ

Hjálparsamtök sem veita neyðaraðstoð í Svíþjóð beina aðstoð til fólks í viðkvæmri stöðu, sér í lagi til heimilislausra. Sum þeirra eiga sér langa sögu og til dæmis hefur *Sveriges stadmissioner* verið starfrækt í á aðra öld. Samkvæmt skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um dreifingu á matvöru hefur ekki skapast mikil hefð fyrir úthlutun á mat í poka í Svíþjóð. Þess í stað einblína hjálparsamtök í Svíþjóð á koma í veg fyrir félagslega einangrun viðkvæmra hópa og valdeffingu. Þá kom fram að með því að bjóða upp á máltíðir á kaffistofum samtakanna skapist tengsl sem skipta sköpum fyrir aðgengi heimilislausra og innflytjenda að annarri mikilvægri þjónustu (Hanssen o.fl., 2014).

Tafla 5 veitir upplýsingar um starfsemi helstu hjálparsamtaka í Svíþjóð. Taflan sýnir að aðstoðin felst fyrst og fremst í máltíðum, húsaskjóli og ráðgjöf. Hjálparsamtökin fá aðgang að matvöru í gegnum samtök á borð við *Allwin* sem sér um að safna umfram matvöru frá verslunum í Stokkhólmi, Gautaborg, Málmey og Lundi með það að markmiði að draga úr matarsóun og aðstoða um leið fólk í sárri fátækt (*Allwin*, e.d.). Maturinn er svo nýttur til þess að útbúa máltíðir en einstaka hjálparsamtök úthluta jafnframt matvöru.

Tafla 5. Starfsemi helstu hjálparsamtaka í Svíþjóð

Hjálparsamtök	Lýsing á starfsemi
Sveriges stadmissioner	<ul style="list-style-type: none"> Aðstoð við fátækt fólk víðsvegar um Svíþjóð, einkum fólk sem er með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Aðstoðin er í formi matarúthlutana, úthlutun á fatnaði og inneignarkorta í matvöruverslanir. Samtökin í Stokkhólmi veita fjárstuðning. Samtökin bjóða upp á heita máltíð daglega gegn vægu gjaldi og í sumum tilvikum er máltíðin ókeypis. Samtökin reka verslun í kringum jól þar sem fólk í viðkvæmri stöðu getur fengið jólagjafir sér að kostnaðarlausu. Samtökin bjóða upp á félagslega ráðgjöf.
Hela mánniskan	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem aðstoða fólk í viðkvæmri stöðu víðsvegar um Svíþjóð. Starfsemin er misjöfn eftir stöðum en víða reka samtökin gistiskýli, gefa fatnað, eru með hópastarf og bjóða ráðgjöf. Á sumum stöðum gefa samtökin heimilislausum samlokur og kaffi á götum úti.
Ny Gemenskap	<ul style="list-style-type: none"> Veita aðstoð til heimilislausra í Stokkhólmi með því að bjóða upp á samverustað þar sem hægt er að leita skjóls og fara í sturtu, taka þátt í hópastarfi og fá ráðgjöf. Samtökin reka fjögur kaffihús og þar er heimilislausum boðin samloka, egg og kaffi.
Convictus	<ul style="list-style-type: none"> Samtök sem aðstoða fólk í viðkvæmri stöðu, einkum vímuefnaneytendur og heimilislausra. Samtökin reka gistiskýli og athvarf þar sem fólk getur leitað skjóls á daginn, fengið heita máltíð, föt, farið í sturtu og fengið ráðgjöf. Sjálfboðaliðar samtakanna hafa jafnframt gefið mat og vatn á götum úti og veitt ráðgjöf með því að vísa fólki á veigandi aðstoð.
Frälningsarmén	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem veita aðstoð til fólks í viðkvæmri stöðu vísvegar um Svíþjóð. Á mörgum svæðum eru samtökin með úthlutun á mat, bjóða upp á heitar máltíðir, fatnað og inneignarkort í matvöruverslanir. Sums staðar er heimilislausum boðin gisting og fjárhagsleg aðstoð.
Ráddningsmissionen	<ul style="list-style-type: none"> Kristileg samtök sem veita aðstoð til mismunandi samfélagshópa. Meðal þeirrar aðstoðar sem er veitt er matur og gisting til heimilislausra, ráðgjöf og húsaskjól til kvenna í viðkvæmri stöðu og aðstoð við börn fanga og innflytjenda með ráðgjöf og aðstoð við lærdóm.
Vid din sida	<ul style="list-style-type: none"> Samtök sem veita heimilislausum eldri borgurum aðstoð. Aðstoðin felst í máltíðum í súpueldhúsi og úthlutun á mat, fatnaði og hreinlætisvörum. Auk þess veita samtökin skjólstaðingum gistaðstöðu. Þá er boðið upp á tómstundastarf fyrir eldri, heimilislausra borgara.

Svör við spurningalistanum bárust frá *Sveriges Statsmissioner*. Samkvæmt forsvarsmanni samtakanna er misjafnt hverjir eiga rétt á aðstoð eftir því hvers konar aðstoð er um að ræða. Starfsfólk úthlutar mat og fötum og gefur heita máltíð til þeirra

sem það veit að er í mjög viðkvæmri fjárhagslegri stöðu en allir geta fengið afhent brauð, óháð fjárhagsstöðu. Sækja þarf sérstaklega um jólaaðstoð og ráða fjárhagslegar aðstæður því hvort aðstoð er veitt. Samkvæmt forsvarsmanninum er brauði úthlutað daglega í Gautaborg og þá er fyrirkomulagið þannig að fólk bíður í röð. Sömu leiðis myndast stundum biðraðir í öðrum borgum þegar fram fer úthlutun á matvöru.

SAMANTEKT

Megintilgangur heimildaleitarinnar og spurningalistans var að afla upplýsinga um hvort aðstoð hjálparsamtakanna fælist í því að úthluta matvöru eða hvort annað fyrirkomulag væri viðhaft á aðstoðinni. Einnig var áhugi á að skoða hvort samtökin veittu félagslega ráðgjöf samhliða annarri aðstoð. Í ljós kom að nokkur munur var á því hvort skapast hafi hefð fyrir matarúthlutunum eftir því í hvaða landi hjálparsamtökin störfuðu. Í ljós kom að í Noregi og Finnlandi er rík hefð fyrir matarúthlutunum á meðan aðstoðin í Danmörku er oftast í formi fjárstuðnings eða inneignarkorta og í Svíþjóð er ríkari áhersla á að bjóða upp á máltíðir en að úthluta mat í poka.

Þó að aðstoðin sé oft í formi matar eða fatnaðar, leiddi samantektin í ljós að hjálparsamtök á Norðurlöndunum veita fólki margháttða aðstoð við að bæta hag sinn. Helsti munurinn sem er á þeirri aðstoð sem veitt er af stærstu hjálparsamtökunum á Íslandi og hinum Norðurlöndunum er að flest hjálparsamtök hinna Norðurlandanna leggja áherslu á að aðstoða skilgreinda minnihlutahópa og vinna markvisst að því að draga úr félagslegri einangrun með samveru, hópastarfi og félagslegri aðhlyningu. Þá leggja mörg samtakanna áherslu á að veita fólki sem til þeirra leitar ráðgjöf með það að markmiði að valdefla fólk. Oft var um að ræða félagslega ráðgjöf en einnig lögfræðiaðstoð og fjármálaráðgjöf.

HEIMILDIR

Alwin. (e.d.). *Allwin tar hand om Sveriges matsvinn*. Sótt af: <https://www.allwin.nu/>

Bakos, N. H. (2021, 30. mars). Sjokkeret af synet – Begynner å gråte. *Dagbladet*. Sótt af: <https://www.dagbladet.no/nyheter/sjokkert-av-synet---begynner-a-grate/73577807?fbclid=IwAR2aqSlrafzdenp94xGaYYLZwI4B4TnHCsERXnXw7Q94ObGEiljh31MiwUU>

Centralised waste food depot to streamline food aid in Helsinki. (2020, 15. janúar). *Uutiset*. Sótt af: https://yle.fi/uutiset/osasto/news/centralised_waste_food_depot_to_streamline_food_aid_in_helsinki/11159197

Eurostat. (e.d.). *Database*. Sótt af: <https://ec.europa.eu/eurostat/web/main/data/database>

FødevarerBanken. (e.d.). *Vi er FødevarerBanken*. Sótt af: <https://foedevarebanken.dk/>

Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.). (2012). *Þróun velferðarinnar 1988–2008*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir. (2017). Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna. *Íslenska Þjóðfélagið*, 8(2), 73-99. Reykjavík: Félagssfræðingafélag Íslands

Hanssen, O. J., Ekegren, P., Gram-Hansen, I., Korpela, P., Langevad-Clifforth, H., Skov-Olsen, K., Silvennoinen, K., Stare, M., Stenmarck, A. og Svanes, E. (2014). *Food redistribution in the Nordic region*. Kaupmannahöfn: Norræna ráherranefndin. Sótt af: <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:784307/FULLTEXT01.pdf>

MacLeod, M. A. (2016, 18. október). Food aid in Finland: Learning from a Nordic welfare state. *Making change happen*. Sótt af: <https://povertyalliance.wordpress.com/2016/10/18/food-aid-in-finland-learning-from-a-nordic-welfare-state/>

Matsentralen. (e.d.). *Matsentralen i Norge*. Sótt af: <https://www.matsentralen.no/>

Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir. (2012). Þróun og einkenni þriðja geirans í velferðarþjónustu. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun velferðarinnar 1988-2008* (bls. 107-123). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Silvasti, T. (2015). Food aid – Normalising the abnormal in Finland. *Social Policy & Society*, 14(3), 471-482.



Stefán Ólafsson (2012). Velferðarríkið og þróun velferðarútgjaldanna. Í: Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.). *Þróun velferðarinnar 1988–2008*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.